



Reglur um þátttökukostnað sveitarfélagsins á kaupum námsmanna á strætókortum.

1. gr.

Námsmenn sem skráðir eru til náms í framhaldsskóla eða háskóla á höfuðborgarsvæðinu og eru með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eiga þess kost að fá styrk til kaupa á námsmannakorti allt að 28.600,- kr. sem veitir aðgang að almenningsvögnum Strætó bs. á Höfuðborgarsvæðinu.

Háskólinn sem umsækjandi stundar nám við, þarf að útskrifa nemendur á háskólastigi. eða námið vera lánshæft hjá LÍN minnst 20 ECTS.

Námsmenn í símenntunarmiðstöðvum og framhalds- og listaskólum þar sem nemendur eru ekki lánshæfir hjá LÍN eiga ekki kost á nemakorti. Nemendur í fjarnámi eiga ekki kost á námsmannakorti. Nemendur í grunnskóla, sem taka námskeið eða námsgrein(ar) í framhaldsskóla, eiga ekki kost á námsmannakorti.

2.gr.

Verð á námsmannakorti sem gildir til strætófargjalda í sex mánuði skólaárið 2018 – 2019 er 28.600 kr,- . Styrkur til kaupa á námsmannakorti miðast við það.

Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar fyrir kaupum á námsmannakortinu, og staðfesting skóla um nám umsækjanda.

Reglurnar gilda fyrir skólaárið 2018-2019.